

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB)
nr. 1103/2013****2014/EES/36/35****frá 6. nóvember 2013****um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar viðurkenningu á jafngildi
krafna um flugvernd í þriðju löndum (*)**FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS
HEFUR,með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusam-
bandsins,með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB)
nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um
flugvernd í almenningflugum og um niðurfellingu reglugerðar
(EB) nr. 2320/2002 ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar
(EB) nr. 272/2009 frá 2. apríl 2009 um viðbætur við
sameiginlegar grunnkröfur um flugvernd í almenning-
flugum sem mælt er fyrir um í viðauka við reglugerð
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 ⁽²⁾, viður-
kennir framkvæmdastjórnin jafngildi krafna um flugvernd
í þriðju löndum, að því tilskildu að viðmiðanirnar, sem
settar eru fram í þeirri reglugerð, séu uppfylltar.
- 2) Framkvæmdastjórnin hefur sannreynt að Vagar-flug-
völlurinn í Færeyjum og Kangerlussuaq-flugvöllurinn á

Grænlandi uppfylli viðmiðanirnar sem settar eru fram í
E-hluta viðaukans við reglugerð (EB) nr. 272/2009.

- 3) Í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 ⁽³⁾
eru tilgreind þau þriðju lönd sem teljast beita
flugverndarkröfum sem eru jafngildar sameiginlegu
grunnkröfunum sem eru ákvarðaðar með reglugerð (EB)
nr. 272/2009.
- 4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til
samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð,
eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í
almenningflugum.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í
samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í
Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. nóvember 2013.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,**forseti.*

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 296, 7.11.2013, bls. 6. Hennar var getið
í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 97/2014 frá 16. maí 2014 um
breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, bíður
birtingar.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 91, 3.4.2009, bls. 7.

⁽³⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar
ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd
(Stjtið. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1).

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi færslur bætist við í fylgiskjal 3-B í 3. kafla:

**„Vagar-flugvöllur í Færeyjum
Kangerlussuaq-flugvöllur á Grænlandi“**

- 2) Eftirfarandi færslur bætist við í fylgiskjal 4-B í 4. kafla:

**„Vagar-flugvöllur í Færeyjum
Kangerlussuaq-flugvöllur á Grænlandi“**

- 3) Eftirfarandi færslur bætist við í fylgiskjal 5-A í 5. kafla:

**„Vagar-flugvöllur í Færeyjum
Kangerlussuaq-flugvöllur á Grænlandi“**
